

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs, nr. 450/2018, sbr. samþykkt nr. 954/2018.

1. gr.

Í stað heitisins „sameinað sveitarfélag Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs“ í öllum beygingarmyndum í fyrirsögn samþykktarinnar, 1. gr., 2. gr. 3. gr., 44. gr., 59. gr. og 60. gr. kemur í viðeigandi beygingarmyndum: Suðurnesjabær.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 44. gr. samþykktarinnar:

- a. 5. og 9. tölul. B-liðar orðast svo:
 5. *Framkvæmda- og skipulagsráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bærstjórn felur ráðinu á sviði framkvæmda-, umhverfis- og skipulagsmála ásamt því að fara með verkefni skipulagsnefndar skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, byggingarnefndar skv. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, húsnæðisnefndar skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, umferðarnefndar skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965 og náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Nánar um störf nefndarinnar fer samkvæmt erindisbréfi sem bærstjórn setur henni.
Framkvæmda- og skipulagsráði er heimilt samkvæmt samþykkt þessari að úthluta lóðum í samræmi við samþykkt deiliskipulag án staðfestingar bærstjórnar. Ráðið getur vísað afgreiðslu slíkra mála til bærstjórnar og skal það gert sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta. Um endurupptöku mála sem hlotið hafa fullnaðarafgreiðslu framkvæmda- og skipulagsráðs fer eftir 49. gr.
 9. *Ungmennaráð*. Ráðið er skipað sjö fulltrúum til tveggja ára í senn, sbr. samþykkt um ungmennaráð Suðurnesjabæjar.
- b. C-liður orðast svo:
Tilnefningar þingfulltrúa hjá samtökum sveitarfélaga og í stjórnir:
 1. *Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS)*. Tilnefna skal fulltrúa í stjórn í samræmi við gildandi samþykktir SSS.
 2. *Almannavarnanefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.
 3. *Heilbrigðisnefnd Suðurnesja*. Bærstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 45. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
 4. *Stjórn Köllu sorpeyðingarstöðvar sf.* Tilnefna skal fulltrúa í stjórn í samræmi við gildandi samþykktir Köllu sorpeyðingarstöðvar sf.
 5. *Brunavarnir Suðurnesja*. Tilnefna skal fulltrúa í stjórn í samræmi við gildandi samþykktir Brunavarna Suðurnesja.
 6. *Heklan – atvinnuþróunarfélag Suðurnesja*. Tilnefna skal fulltrúa í stjórn í samræmi við gildandi erindisbréf og samþykktir um stjórn Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja.
 7. *Reykjanes jarðvangur ses.* Tilnefna skal fulltrúa í stjórn í samræmi við gildandi samþykktir Reykjanes jarðvangs ses.
 8. *Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar*. Tilnefna skal fulltrúa í stjórn í samræmi við gildandi lög og samþykktir er eiga við um rekstur nefndarinnar.
 9. *Stjórn Náttúrustofu Suðvesturlands*. Þrjú aðalmenn og þrjú til vara skv. 12. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992.
 10. *Þekkingarsetur Suðurnesja*. Tilnefna skal fulltrúa í stjórn í samræmi við gildandi skipulagsskrá Þekkingarseturs Suðurnesja.

11. *Fagráð Háskólaaseturs Suðurnesja*. Tilnefna skal fulltrúa í stjórn í samræmi við gildandi lög og samþykktir er eiga við um fagráðið.
12. *Öldungaráð*. Skipa skal í öldungaráð á grundvelli 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga (með síðari breytingum), með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra (með síðari breytingum). Skipa skal þrjá fulltrúa og þrjá til vara, eða samkvæmt sérstöku samkomulagi við önnur sveitarfélög vegna samstarfs um öldrunarþjónustu.
13. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
14. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Bæjarstjórn kýs fulltrúa á landsþing í samræmi við gildandi samþykktir Sambands íslenskra sveitarfélaga.
15. *Um kosningu í byggðasamlög* fer skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

3. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 2019.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 20. desember 2018.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Ólafur Kr. Hjörleifsson.